# Umhverfisstefna

**Tilgangur og umfang**

Stefnan tekur til allrar starfsemi Terra og er sett til þess að marka skýra stefnu í umhverfismálum og sem leiðarljós í daglegum rekstri. Starfsfólk skal virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið. Stefnan tekur mið af sjálfbærnistefnu félagsins ásamt því að uppfylla kröfur í lögum, reglum og reglugerðum.

**Stefna**

**Betri umgengni við jörðina**

Terra vill stuðla að betri umgengi við jörðina og ábyrgri nýtingu auðlinda í átt að hringrásarhagkerfi.

Terra leggur áherslu á að koma efnum sem flæða í gegnum starfsemina í réttan farveg og sem mestu aftur í hringrásina á umhverfisvænan hátt. Unnið er markvisst í því að auka gagnsæi í virðiskeðju úrgangs og endurvinnsluefna og upplýsa hvert efnin sem flæða um hjá Terra fara.

Terra vill markvisst draga úr losun gróðurhúsaloftegunda í sinni starfsemi og tekur rekstur félagsins og innkaup mið af því.

Terra er meðvitað um umhverfisáhættur félagsins og gerir ráðstafanir til að draga úr líkum á umhverfisóhöppum, með þjálfun og fræðslu starfsfólks ásamt reglubundinni vöktum með starfsstöðvum, vélum og tækjum. Félagið er meðvitað um áhrif starfseminnar á líffræðilegan fjölbreytileika og tekur mið af þeim áhrifum í rekstri félagsins.

Unnið er að stöðugum umbótum með því að halda utan um atvik, greina orsakir og framkvæma umbætur, í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001:2015.

**Jákvæð umhverfisáhrif á viðskiptavini og samfélagið**

Terra einsetur sér að hvetja og einfalda viðskiptavinum að takast á við þá áskorun að skilja ekkert eftir. Starfsfólk félagsins leiðbeinir og fræðir viðskiptavini um flokkun úrgangs. Einnig hvetur félagið viðskiptavini til að bæta endurvinnsluhlutfall sitt og koma sem mestu aftur í hringrásina á umhverfisvænan hátt.

Terra vill hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið og styðja við hringrásarhagkerfið og nýsköpun. Terra trúir að verðmætasköpun og umhyggja fyrir náttúrunni haldist í hendur. Styrkveitingar félagsins fara meðal annars til slíkra málefna í takt við styrkarstefnu félagins.

**Vinnustaður til fyrirmyndar**

Terra gerir kröfu til þeirra sem sinna stjórnunar- og leiðtogahlutverki að sýna gott fordæmi þegar kemur að umhverfismálum og hvetji starfsfólk sitt til að huga vel að þessum atriðum. Ábyrgðin er skýr og starfsfólk veit og finnur að umhverfisþættir eru hafðir að leiðarljósi við ákvarðanir í rekstrinum. Innkaup félagsins taka mið af stefnu þessari og útgefnum siðareglum þess sem snúa að aðkeyptri þjónustu og vörum.

Terra leggur áherslu á að efla umhverfisvitund starfsfólks með markvissir fræðslu um umhverfismál.

Terra leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé til fyrirmyndar þegar kemur að eigin úrgangsmálum með því að endurnýta og endurvinna það sem fellur til í rekstrinum og koma sem mestu aftur í hringrásarhagkerfið. Allt starfsfólk vinnur saman að ná þessu markmiði.

**Ábyrgð**

Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi og bera ábyrgð á að skapa aðstæður og vinnuumhverfi til að hrinda stefnu þessari í framkvæmd. Allt starfsfólk skal kynna sér efni stefnunnar og framfylgja henni. Forstjóri ber heildarábyrgð á stefnunni og framkvæmdastjórn í heild skal tryggja eftirfylgni stefnunnar ásamt gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra.

Stefna þessi öðlast gildi við undirritun.

Samþykkt af forstjóra Terra þann 7. mars 2024

*Rýnd og samþykkt óbreytt 12. maí 2026*

______________________________

Valgeir Baldursson, forstjóri

# Environmental Policy

**Purpose and scope**
This document covers all of Terra's operations and is adopted for the purpose of establishing a clear policy in environmental matters and for guidance in day-to-day operation. Employees shall observe the policy in all their work for the company. This Policy is based on the company's Sustainability Policy and complies with requirements of law, rules and regulations.

**Policy**

**Better care for the planet**
Terra aspires to promote greater care for the planet and responsible utilisation of resources on a path to a circular economy.

Terra focuses on redirecting materials that pass through our operation into proper channels and, to the greatest possible extent, back into the circular economy in a sustainable manner. Our work is dedicated to enhancing transparency in the value chain of waste and recyclable materials and on disclosing the destinations of the materials that pass through Terra.

Terra aspires to reduce greenhouse gas emissions in its activities; this is reflected in the company's operations and sourcing.
Terra is aware of its environmental risks and takes measures to reduce the likelihood of environmental incidents through staff training and education, combined with regular monitoring of our establishments, machinery and equipment. The company is aware of the impact of its activities on biodiversity and this awareness is reflected in its operation.
Continual improvements are made by keeping records of incidents, analysing causes and making improvements in conformity with the environmental management standard ISO 14001:2015.

**Positive environmental influence on customers and the community**
Terra resolves to encourage its customers to undertake the challenge of leaving nothing behind and to facilitate the task for them. The company's employees instruct and educate customers on sorting waste. Also, the company encourages customers to improve their recycling ratios and to redirect as much material as possible back into the cycle in an environmentally sound manner.

Terra aspires to exert a positive influence on local communities and support the circular economy and innovation. Terra believes that value creation and care for nature go hand in hand. Grants awarded by the company include support for nature conservation in line with the company's community support policy.

**Exemplary workplace**
Terra requires personnel in positions of management and leadership to be role models with regard to the environment and to encourage employees to give environmental matters their careful attention. Our responsibility is clear, and our employees know and sense that environmental matters are factored into decision making processes in our operation. The company's sourcing takes account of this policy and the company's published rules of conduct relating to contracted services and goods.

Terra focuses on the environmental awareness of its employees by means of education dedicated to environmental matters.

Terra stresses the importance of the workplace setting a good example with regard to its own waste management by re-using and recycling material that accumulates in the course of operation and redirecting as much as possible back into the circular economy. All personnel work together to achieve this objective.

**Accountability**

Management should set a good example and take responsibility for creating conditions and a working environment for the purpose of compliance with this Policy. All employees should read this Policy and observe it. The CEO bears the ultimate responsibility for the Policy and the Executive Committee as a whole oversees the implementation of the Policy together with the quality, environment and safety officer.

This Policy is effective from the date of its signature..

Approved by the CEO of Terra on 7 March 2024

____________________________

Valgeir Baldursson, CEO